



Reykjavík, 18. febrúar 2015

Formaður verkefnahóps um námstíma
Ársæll Guðmundsson
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um fyrstu drög að aðgerðaráætlun um námstíma, dagsett 4. febrúar 2015.

Eftirfarandi er umsögn fulltrúa Kennarasambands Íslands í samráðshópi með verkefnastjórn menntamálaráðuneytis um fyrstu drög að aðgerðaáætlun um námstíma. Umsögnin skiptist í inngang og umfjöllun um tillögur.

Inngangur

Kennarasamband Íslands telur í heildina fyrstu drög að aðgerðaáætlun um námstíma fela í sér mikilvæg markmið og tillögur um meiri sveigjanleika milli skólastiga, efla skuldbindingu í námi, minnka brotthvarf og auka ráðgjöf og upplýsingaflæði til að stuðla að því að hlutfallslega fleiri nemendur ljúki skilgreindum námslokum úr framhaldsskóla.

Áðurnefnd markmið og tillögur byggja á þremur af þeim fjórum stöðum sem verkefnahópur um námstíma setti sér að ganga út frá í starfi sínu: innviðir framhaldsskólans, brotthvarf nemenda og samfélagslegir þættir.

Ef vel tekst til geta tillögurnar orðið til þess að styrkja þá þætti sem stefnt er að. Lengi hefur verið þörf á aðgerðaáætlun um þessi efni og fagnar KÍ áformum þar um.

KÍ telur að útlistun á tillögum hefði þurft að vera ítarlegri þar sem verkefnahópurinn kynnti engin hugmyndadrög fyrir samráðshópnum áður en hann fékk fyrstu drög að aðgerðaáætlun til umsagnar fyrir skömmu.

KÍ telur mjög mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda í námi, en lítil skuldbinding margra nemenda við nám sitt og skólann tengist bæði samfélagslegum viðhorfum og takmörkuðum úrræðum skóla til að halda nemendum að námi. KÍ telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið ráðist í sérstakar aðgerðir í þeim tilgangi að breyta viðhorfum til náms, skóla og kennarastarfsins. Stjórnvöld hafa hér afgerandi forystuhlutverki að gegna og þurfa að senda skýr skilaboð um nauðsyn viðhorfsbreytinga.

KÍ bendir á að starfandi er fagráð um símenntun og starfsþróun kennara, skipað fulltrúum KÍ, menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og háskóla sem mennta kennara. Hlutverk þess er móta stefnu um starfsþróun kennarastéttarinnar og er unnið hörðum höndum að því. KÍ telur mjög mikilvægt að þættir í aðgerðaáætlun um námstíma, sem og um læsi og starfsmenntun sem varða kennarastarfið verði tengd með beinum hætti við starf fagráðsins.

Í aðgerðaáætlun þurfa að koma fram skýr og raunhæf markmið og leiðir, viðmið um árangur og eftirfylgni, skilgreiningar á þeim aðilum sem bera ábyrgð á einstökum verkefnum og á samstarfsaðilum, tímaáætlanir og útlistun á kostnaði. Aðgerðaáætlun byggir á hvítbók menntamálaráðherra og er ábyrgð

og forystuhlutverk ráðherra og ráðuneytis afgerandi í framkvæmd aðgerða og að tryggja skólum fjármuni og mannafla til að vinna að þeim.

Verkefnahópurinn setur ekki fram markmið og tillögur um fjórðu stoðina, endurskipulagningu námstíma, með tilvísun til þess að: „*Nær allir framhaldsskólar stefna að því að bjóða nemendum að hefja nám í nýju kerfi haustið 2015 og þriggja ára nám til stúdentsprófs þar með hafið í nánast öllum framhaldsskólum.*“

Af þessu má draga þá ályktun að ekki hafi verið tilefni til þess í starfi verkefnahópsins að gera tillögur um endurskipulagningu námstíma þar sem menntamálaráðherra hafi hvort sem er ákveðið breytingar sem skólarnir séu að taka upp. Kí gagnrýnir að umfjöllun um endurskipulagningu námstíma sé skilin eftir. Ræða þarf þau mörgu álitamál sem tengjast endurskipulagningu námstíma og hvað hún felur í sér fyrir nemendur og nám og námsskipulag í framhaldsskólum.

Kí leggur ríka áherslu á við endurskipulagningu námstíma að innihald náms verði ekki rýrt frá því sem nú er. Skólar eru og eiga að vera jöfnunartæki. Fyrir hendi þurfa að vera fjölbreyttar námsleiðir við hæfi allra nemenda og nám sem veitir tryggnu undirbúning fyrir áframhaldandi nám og störf á vinnumarkaði. Þá leggur Kí ríka áherslu á að skólar haldi sérstöðu sinni og einkennum.

Ein meginbreyting sem lög og námskrá framhaldsskóla áttu að hafa í för með sér var mismunandi námstími til námsloka í framhaldsskólum. Í greinargerð um framhaldsskólalögin segir um stúdentsprófið að gildi þess sem undirbúnings fyrir háskólanám verði óskorað og framhaldsskólum gefinn kostur á að byggja upp sveigjanlegt námsframboð hvað varðar inntak og skipulag náms. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru 200 f-einingar skilgreindar sem gæðalágmark fyrir stúdentsprófið og að framhaldsskólar geti boðið upp á meira nám en þetta. Á bls. 56 í aðalnámskrá framhaldsskóla kemur fram að nám á þriðja hæfniprepi geti orðið allt að 240 f-eingar.

Kí telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið veiti skýr svör við því hvort skólar geti skipulagt nám til stúdentsprófs sem er meira en 200 f-eingar.

Varðandi námstíma í starfsmenntun telur Kí að í forgangi eigi að vera að skoða hvort ná megi fram aukinni skilvirkni í vinnustaðahluta námsins með notkun ferillbóka og víxlverkun skólanáms og vinnustaðanáms. Kí varar við því að minnka hæfnikröfur til starfsmenntunar. Flest hnígur í þá átt að styrkja þurfi námið í ljósi tæknibreytinga og vaxandi sérhæfingar á vinnumarkaði og undirbúning fyrir áframhaldandi nám, hér og erlendis.

Í inngangi aðgerðaáætlunar bendir verkefnahópurinn á nokkur atriði sem hann telur vert að skoða betur.

Kí spyr hvers vegna hópurinn telji vert að skoða endurskipulagningu námstíma grunnskólans og framhaldsskólans þannig að nemendur brautskráist að jafnaði úr framhaldsskóla 18 ára? Hvers vegna telur hópurinn vert að skoða þetta og í hvaða tilgangi?

Varðandi það að kanna kosti þess að grunnskólar taki upp áfangakerfi frá 8. bekk, þá er það meðal atriða í stefnu Kí í skólamálu að fjölbreytni eigi að ríkja í námsleiðum, kennslu- og aðferðum og að nemendum eigi að bjóðast fjölbreytt viðfangsefni.

Verkefnahópurinn leggur einnig til að könnuð verði aukning á verklegri kennslu í grunnskólum. Kí telur mjög brýnt að efla verklegar greinar og listgreinar í grunnskólum til að auka aðsókn grunnskólanemenda í starfsnám, verknám og tækninám á framhaldsskólastigi.

Verkefnahópurinn telur einnig vert að skoða betur leiðir til að koma til móts við námskostnað nemenda. Kí telur mjög brýnt að nemendur fái styrki vegna námsgagna, fæðis og ferða. Kí telur það vera mikilvæga aðgerð til að minnka brotthvarf úr námi.

Kí áskilur sér allan rétt til frekari umsagna um aðgerðaráætlun um námstíma og að fylgja umsögnum eftir. Kí undirstrikar að menntamálaráðuneytið eigi samstarf við kennarasamtökin sem stendur undir nafni.

Umfjöllun um tillögur

Fyrsti kafli. Markmið 1. Auka sveigjanleika milli skólastiga til að auðvelda flæði nemenda og skapa þeim meira hvetjandi námsumhverfi.

Tillaga 1a). Samræmd próf verði sett á við lok 9. bekkjar grunnskóla, niðurstöðurnar verði m.a. hægt að nota við ákvörðun um hvort nemandi geti hafið nám í framhaldsskóla eftir 9. bekk.

Kí spyr um eftirtalin atriði:

- Hvers konar samræmd próf er átt við?
- Hvernig rímar þessi tillaga við þau samræmdu könnunarpróf sem voru tekin upp í 4., 7. og 10. bekk grunnskóla eftir 2008 og við breyttar áherslur í aðalnámskrá grunnskóla og greinanámskrám í kjölfarið?
- Ganga áformin út á að breyta samræmdum könnunarprófum í grunnskóla? Hvers vegna, í hvaða tilgangi og hvernig?
- Hvernig rímar þessi tillaga við áform um gerð og upptöku einstaklingsmiðaðra tölvuvæðdra könnunarprófa (ETK) í grunnskólum?

Kí bendir á að samkvæmt upplýsingum Námsmatsstofnunar telur stofnunin ETK próf vera rökrétt næsta skref í þróun samræmdra prófa í grunnskólum, og að unnið sé að áætlun um þau og horft til reynslu Norðmanna af slíkum prófum. ETK próf taka mið af hæfni hvers og eins, könnuð er almenn staða nemenda á viðkomandi sviði og á grundvelli þess er hæfni þeirra könnuð nánar samkvæmt lykilhæfni í tengslum við öll námsvið grunnskólans.

Kí bendir á að eftir að gömlu samræmdu prófin í grunnskólum voru aflögð með grunnskólalögum 2008 varð tómarúm sem hefur gert grunnskólunum erfitt fyrir í starfi sínu.

Kí telur það tvímælalaust vera verkefni grunnskólans að leggja mat á hvort nemandi í 9. bekk hafi lokið með fullnægjandi hætti markmiðum til að hefja fullt nám í framhaldsskóla eða til að stunda þar nám í stökum áföngum. Kí telur að ETK próf geti stutt við starf grunnskólans að markmiðum aðalnámskrár.

Tillaga 1b). Nám á tveimur skólastigum samtímis.

Kí telur mjög mikilvægt að virkjuð séu ákvæði í lögum og námskrá grunnskóla sem kveða á um þennan möguleika nemenda. Einnig er mikilvægt að formgera samstarf grunnskóla og framhaldsskóla á þessu sviði því möguleiki nemenda til þessa getur ekki verið kominn undir áhuga og frumkvæði einstaklinga á einstökum svæðum. Kí bendir á að breyta þarf innritunarreglum í framhaldsskóla því núna hafa grunnskólanemendur sem vilja stunda nám í stökum áföngum í framhaldsskólum engan rétt til innritunar. Einnig þarf að koma því til leiðar að allir framhaldsskólar meti nám sem grunnskólanemendur taka í framhaldsskólum áður en grunnskólanámi er lokið.

Tillaga 1c). Afturhverft rof.

Afturhverft rof er fræðihugtak sem Gerður G. Óskarsdóttir notar í rannsókn á samfellu í námi frá leikskóla til grunnskóla og frá grunnskóla til framhaldsskóla. Rof eða afturhverft rof kemur fram í því að nemendur voru í sumum tilfellum að fást við sama efni og áður á nýju skólastigi og einnig virtist draga úr áhrifum þeirra á framgang námsins eða viðfangsefni sín þegar kom á nýtt skólastig.

Kí tekur heilshugar undir mikilvægi góðrar samfellu í námi nemenda milli skólastiga en bendir á að ekki er hægt að komast hjá endurtekningum í námi í framhaldsskólum há þeim nemendum sem hafa ekki nægan undirbúning úr grunnskóla. Kí bendir á að ákvæði námskráa ganga út frá því að nemendur hefji nám á mismunandi þrepum í framhaldsskóla allt eftir því hvernig þeir uppfylla námsmarkmið grunnskólans.

Kí telur mjög brýnt að menntamálaráðuneytið hafi frumkvæði að því að koma á föstum samstarfsvettvangi grunnskóla og framhaldsskóla annars vegar og framhaldsskóla og háskóla vegna samfellu í námi milli skólastiga.

Kí bendir á að niðurstöður Gerðar G. Óskarsdóttur gefa einnig til kynna að samstarf og upplýsingamiðlun virðist lítil milli skólastiga og vitneskja skóla um starfið á stiginu á undan eða eftir oft af skorum skammti. Úr þessu má bæta með áður nefndum samstarfsvettvangi.

Kí vill einnig nefna að samkvæmt niðurstöðum Gerðar G. Óskarsdóttur verður afgerandi rof í samfellu náms milli grunnskóla og framhaldsskóla þar sem það er undir hælinn lagt hvort nám grunnskólanemenda í framhaldsskólaáföngum er metið þegar í framhaldsskóla er komið.

Annar kafli. Markmið 2. Auka skuldbindingu þeirra sem koma að skólastarfi en þó fyrst og fremst nemenda.

Tillaga 2a). Umsjón með nemendum.

Kí telur mikla nauðsyn á að koma umsjón með nemendum í framhaldsskólum á fastari grunn en nú er. Samkvæmt lögum og námskrá framhaldsskóla hafa nemendur engan skilgreindan rétt til umsjónar og sú þjónusta sem skólar veita nemendum varðandi umsjón er mismunandi eftir skólum. Til að bæta úr þessu þarf að skilgreina rétt nemenda til umsjónar og til þess að hafa umsjónarkennara. Einnig þarf að skapa kennurum aðstæður í starfi til að sinna umsjón með nemendum.

Tillaga 2b). Kennsluhættir og námsmat.

Forsenda þess að raunhæft sé að ætlast til þess að skólar og kennarar nái árangri á þessu sviði er markviss stuðningur við starfsþróun kennara og tími fyrir ígrundun í starfi og til samstarfs, eftirfylgni og fjármunir til innleiðingar. Skapa þarf kennurum aðstæður í starfi til að vinna að markmiðum námskrár. Einnig þarf að vera fyrir hendi í skólum skipulagður stuðningur við nýútskrifaða kennara og ráðgjöf og leiðsögn fyrir alla kennara.

Ákvæði um starfsþróunaráætlanir í skólasamningum hafa ekkert hald ef ofangreindur grunnur er ekki fyrir hendi.

Kí telur að háskólar sem mennta kennara þurfi að tengja starf sitt betur við vettvanginn í skólunum, miðla rannsóknum og aðferðum og sinna starfsþróun kennara. Starfsþróun kennara þarf bæði að taka mið af þörfum skóla og einstaklinga, faglegri þróun og nýjungum, og kennarastéttin að vera þátttakandi í skipulagi eigin starfsþróunar.

Kí bendir á að verulega skortir á aðstöðu skóla og kennara til að vinna með niðurstöður innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi. Menntamálaráðuneytið þarf að stórauka stuðning við skóla og kennara með þetta að markmiði og faglega ráðgjöf.

Kí telur óþarft að í aðgerðaáætlun sé fjallað um óverulegt vægi lokaprófa í námsmati. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er fjallað um námsmat og í skólanámskrám skóla.

Tillaga 2c). Félagslíf nemenda.

Kí líst vel á að skólar geri árlega félagsstarfsáætlun í samráði við nemendafélög og markmiðin með henni. Kí bendir á að nemendur í brotthvarfshættu eru venjulega ekki virkir í félagslífi skólanna.

Kí telur mikilvægt að í aðgerðaáætlun verði sett markmið og tillögur um að efla ábyrgð foreldra á námi barna sinna til 18 ára aldurs, vinnubrögðum, námsvenjum og skuldbindingu í námi.

Tillaga 2d). Rafræn námsgögn.

Mikil þörf er á að fylgja aðgerðum eftir með stórauðinni útgáfu náms- og kennslugagna, framboð og og aðgang að náms- og kennslugögnum. Kí bendir á að notkun rafræns kennsluefnis gerir kröfu um góðar nettengingar og tölvubúnað í skólum.

Kí leggur áherslu á að námsgögn, bæði í hefðbundnu formi og rafrænu, verði nemendum að kostnaðarlausu.

Þriðji kafli. Markmið 3. Minnka brotthvarf nemenda úr námi.

Tillaga 3a). Velferðarþjónusta.

Kí telur nauðsynlegt að skilgreina rétt nemenda í lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla til sálfræðiráðgjafar og annarrar heilbrigðisþjónustu og að framhaldsskólar hafi grunn til að standa á til að veita nemendum þessa þjónustu.

Tillaga 3b). Greining nemenda í brotthvarfshættu – skimun.

Kí bendir á að fagfólk þarf að vera fyrir hendi í grunnskólum og framhaldsskólum til að greina og skíma og skólarnir að hafa raunveruleg úrræði til að bregðast við niðurstöðum með stuðningi og ráðgjöf við nemendur í brotthvarfshættu.

Einnig þurfa upplýsingar um nemendur í grunnskóla sem eru í brotthvarfshættu að skila sér til framhaldsskóla og þær notaðar til að vinna gegn brotthvarfi nemenda.

Í grunnskólum og framhaldsskólum þarf að vera fyrir hendi markviss kennslufræðileg ráðgjöf fyrir kennara vegna kennslu nemenda í brotthvarfshættu og svigrúm í starfi til að sinna þeim.

Tillaga 3c). Skipulögð vinna með nemendur í brotthvarfshættu.

Kí telur nauðsynlegt upp á árangur að menntamálaráðuneytið hafi forgöngu um að setja markmið um að draga úr brotthvarfi og sérstaka aðgerðaáætlun um skipulega vinnu með nemendur í brotthvarfshættu, sem skólar útfæri hjá sér. Ennfremur telur Kí nauðsynlegt að ráðuneytið komi á fót formlegum samstarfsvettvangi um þessi markmið og áætlanir vegna samhæfingar og yfirsýnar.

Kí bendir á að í nýlegri skýrslu um aðgerðir einstakra Evrópulanda til að vinna gegn brotthvarfi og reynslu af þeim, er meðal annars bent á mikilvægi þess að stjórnvöld hafi forgöngu um að setja á fót miðlægan samstarfsvettvang af þessu tagi¹.

Tillaga 3d). Sérstakur stuðningur (fjárveitingar) til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.

Kí telur mjög mikilvægt að framhaldsskólar fá sérstakar fjárveitingar vegna nemenda í brotthvarfshættu vegna þeirra tillagna sem eru í aðgerðaáætlun um að vinna gegn brotthvarfi.

¹ Eurydice and Cedefop Report 2014: Tackling Early Leaving from Education and Training in Europe, Strategies, Policies and Measures.

http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/175EN.pdf

Mikilvægt er að gott samstarf verði haft við skólana um forsendur og skilgreinar á þessum á fjárveitingum.

Fjórti kafli. Markmið 4. Auka ráðgjöf og upplýsingaflæði um námsframboð og þjónustu við nemendur og almenning.

Tillaga 4a). Náms- og starfsráðgjöf.

Samkvæmt lögum um grunnskóla og framhaldsskóla eiga nemendur rétt til að njóta náms- og starfsráðgjafar af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa. Kí leggur mikla áherslu á að grunnskólum og framhaldsskólum verði tryggt fjármagn til að ráða fleiri náms- og starfsráðgjafa til starfa til að uppfylla lagaskyldur við nemendur. Einnig telur Kí mikilvægt að sett verði viðmið um nemendafjölda á hvert stöðugildi í ráðgjöf svo að ráðgjafar hafi aðstæður til að sinna raunverulegri náms- og starfsráðgjöf við nemendur. Einnig þarf vera fyrir hendi markviss stuðningur við starfsþróun náms- og starfsráðgjafa, aðstaða og möguleikar til að sinna starfsþróun.

Kí bendir á mikilvægi þess að nemendur fái ráðgjöf og stuðning snemma í grunnskóla til að vinna gegn áhættuþáttum brottvarfs.

Tillaga um að náms- og starfsfræðsla verði á stundaskrá nemenda í grunnskóla felur í sér að ráðgjöf verði hluti af námskrá. Kí bendir á að í talsvert mörgum löndum er unnið að því að gera ráðgjöf hluta af námskrá. Í löndum þar sem ráðgjöf er hluti námskrár eru þrjár megináðferðir notaðar: ráðgjöf sem sérstök námsgrein, ráðgjöf samþætt einni eða fleiri námsgreinum (svo sem samfélagsfræði, frumkvöðlamente eða lífsleikni), eða ráðgjöf sem þverfaglegt viðfangsefni. Þar sem ráðgjöf er hluti af námskrá er hún einkum í höndum kennara en þegar ráðgjöf er einvörðungu hluti af stoðkerfi skóla er hún í höndum fagfólks í náms- og starfsráðgjöf.²

Kí telur brýnt að nemendur í grunnskólum og í framhaldsskólum fái markvissa náms- og starfsfræðslu.

Kí bendir á að ígrunda þarf vel aðferðir við að koma henni fyrir í stundaskrá nemenda, sem sérstakri námsgrein, samþætt einni eða fleirum námsgreinum eða sem þverfaglegt viðfangsefni.

Einnig þarf að ígrunda vel hvort fræðslan eigi að vera í höndum kennara eða náms- og starfsráðgjafa.

Markmiðum og aðgerðum um náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur þarf að fylgja markviss stuðningur við starfsþróun kennara og náms- og starfsráðgjafa, aðstæður og möguleikar til að sinna starfsþróun og aðstæður í starfi til að sinna þessari fræðslu.

Tillaga 4b). Fjar- og dreifnám.

Kí telur brýnt að tillögur um miðlæga upplýsingaveitu um framboð fjar- og dreifnáms og að nemendur í fjar- og dreifnámi njóti sömu stoðþjónustu skóla og aðrir nemendur nái bæði til unglíngastigs grunnskóla og til framhaldsskóla.

Kí telur brýnt að menntamálaráðuneytið láti gera greiningu á fjar- og dreifnámi á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum, skipulagi og samhengi við viðmið aðalnámskráa skólastiganna, þjónustu við nemendur, námsframboð, námsmat, námsefni, gjaldtöku og fleira.

Kí telur brýnt að niðurstöður verði meðal annars notaðar til:

- Að skilgreina fjar- og dreifnám á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum með skipulegum hætti í samræmi við gæðaviðmið aðalnámskráa skólastiganna.

² Eurydice and Cedefop Report 2014: Tackling Early Leaving from Education and Training in Europe, Strategies, Policies and Measures.

http://eacea.ec.europa.eu/education/eurydice/documents/thematic_reports/175EN.pdf

- Að setja viðmið um efni og gæði þjónustu sem nemendur í fjar- og dreifnámi á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum eiga rétt á. Hér er átt við skýr og sambærileg viðmið um þjónustu skóla við nemendur og kennslu, leiðsögn af hendi kennara og námsmat.
- Að jafna aðgang nemenda á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum að fjar- og dreifnámi, tryggja aðgang óháð búsetu og aldri og að námið verði ólöggráða nemendum að kostnaðarlausu.

Kí bendir á að í skýrslum um fjar- og dreifnám frá 2007 og 2010 eru margar tillögur um styrkingu þessa náms, skilgreiningar, réttindi, skyldur og stuðning við nemendur, samstarf skóla, gæðamál og rannsóknir, þróun og starfsþróun kennara, rafrænt upplýsinga- og skráningakerfi og kennslukerfi. Kí telur löngu tímabært að þessar tillögur verði framkvæmdar á unglíngastigi grunnskóla og í framhaldsskólum.

Tillaga 4c). Nám við hæfi.

Kí telur augljóst að efla þurfi kynningar á unglíngastigi grunnskóla á öllum námsleiðum í framhaldsskóla í samstarfi við grunnskóla, framhaldsskóla og atvinnulífið.

Kí bendir á að þetta þarf að tengja við ýmsar aðrar tillögur í aðgerðaáætlun um námstíma og aðgerðaáætlun um starfsmenntun.

Tillaga 4d). Upplýsingagátt.

Kí telur mjög mikilvægt að koma upp upplýsingagátt af þessu tagi, og bendir á fyrirmynd frá Danmörku í þessum efnum.³

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Aðalheiður Steingrimsdóttir fulltrúi KÍ í samráðshópi

³ UddannelsesGuiden <https://www.ug.dk/>